

# **Aðalfundur Samtaka um söguferðapjónustu 2016**

## **haldinn í Norræna húsinu í Reykjavík föstudaginn 29. apríl, kl. 10.00**

Rögnvaldur Guðmundsson formaður sagði fund settan. 16 félagar voru mættir. Formaður tilnefndi Þórir Örn Guðmundsson sem fundarstjóra og Dagnýju Marín Sigmarsdóttir sem fundarritara og var það samþykkt.

Þórir tók við stjórn og lét fundarmenn kynna sig og fór svo yfir dagskrá fundarins.

### **Dagskrá fundarins er:**

- 1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár**
- 2. Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna**
- 3. Afgreiðsla reikninga**
- 4. Lagabreytingar (engar fyrirbyggjandi)**
- 5. Starfsáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun**
- 6. Ákvörðun árgjalds**
- 7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga**
- 8. Önnur mál**

### **1. Skýrsla stjórnar.**

Rögnvaldur kynnti skýrslu stjórnar. Kom hann inn á fjölmarga þætti í starfi félagsins á liðnu ári og það sem er framundan. - Skýrslan fylgir hér með í viðhengi.

### **Umræður um skýrslu stjórnar:**

Nokkrar umræður urðu um starfið í DVA (Destination Viking Association) og Follow the Vikings Evrópuverkefnið. Rögnvaldur skýrði nánar frá verkefninu og sagði frá þátttöku og hlutverki samtakanna í því. Guðbrandur talaði um hvað mikið væri búið að gerast hjá samtökunum á þessum 10 árum. Einnig kom Guðbrandur inn á og talaði um þá nýju fornleifafundi í Reykjavík og á öðrum stöðum á landinu og minnti okkur á að sagan er byggð á fornleifum – kom með hugmynd um að halda ráðstefnu í haust í tilefni 10 ára afmælis félagsins, e.t.v. undir nafninu „Hvers virði er fortíðin“ - tillögunni varpað til stjórnar til framkvæmdar.

### **2. Kynning og afgreiðsla aðildarumsókna**

Eftirfarandi aðilar óska eftir aðild að félaginu:

- Eiríkur Vilhelm Sigurðarson Rangárþing Ytra. Aukaaðild.
- Einar Skúlason WAPP (gönguleiðsögn). Full aðild
- Víkingaskipið Vésteinn / Ketill Berg Magnússon. Full aðild.

Samþykkti var samhljóða að taka þessa aðila inn

### **3. Afgreiðsla reikninga 2015**

Ársreikningi fyrir árið 2015 var dreift á fundinum. Skúli Björn gjaldkeri fór yfir og kynnti ársreikninginn og svaraði spurningum. Ársreikningurinn samþykktur, með fyrirvara vegna þess að einungis annar skoðunarmaður reikninga hefur áritað reikningana. Ársreikningur fylgir með fundargerðinni.

### **4. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

### **5. Starfáætlun fyrir komandi starfsár og fjárhagsáætlun**

Skúli Björn fór yfir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár. Helstu verkefni samtakanna eru að halda áfram að fjölga félögum, kynningar og markaðsstarf í stöðugri

þróun, erlent samstarf, gæðamál og margt fleira. Ráðin hefur verið starfsmaður í hlutastarf hjá samtökunum frá 1. apríl til 30. júní og er hann með aðstöðu hjá Íslandsstofu. – Starfsáætlun og fjárhagsáætlun fylgja með fundargerðinni fylgir með.

Nokkrar umræðu urðu um starfsáætlunina og fjárhagsáætlun. Svaraði Skúli Björn og aðrir stjórnarmenn þeim fyrirspurnum sem fram voru bornar.

## 6. Ákvörðun árgjalds.

Með fundarboði hafði verið send út eftirfarandi tillaga frá stjórnar:

*Á síðasta aðalfundi SSF var samþykkt að veltutengja árgjald samtakanna og hafa fjóra gjaldflokka. Stjórn leggur nú til að flokkarnir verði aðeins þrír og innifalið í árgjaldi fyrir fulla aðild sé eftirfarandi:*

- grunnskráning á vefinn [sagatrail.is](http://sagatrail.is) / [soguslodir.is](http://soguslodir.is)
- límmiði fyrir glugga eða vegg um aðild að SSF
- 50% afsláttur af þátttökugjöldum á fundum og ráðstefnum SSF

<u>Árgjald 2016</u>	<u>Full aðild</u>	<u>Aukaaðild (75%)</u>
Gjaldflokkur 1 (ársvelta að 10 m.kr.)	16.000 kr.	12.000 kr.
Gjaldflokkur 2 (ársvelta 10-40 m.kr.)	24.000 kr.	18.000 kr.
Gjaldflokkur 3 (ársvelta yfir 40 m.kr.)	30.000 kr.	22.500 kr.

*Einstaklingar með aukaaðild greiði 6.000 kr.*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Með fundarboði hafði einnig verið send önnur tillaga varðandi kynningargjald:

*Frá árinu 2007 hefur kynningargjald verið 100.000 kr. og það hafa greitt þeir sem tekið hafa þátt í bæklingum samtakanna. Ákveðið hefur verið að draga úr bæklingaútgáfu SSF en beina fjármagni í meira mæli að netmarkaðssetningu. Í þeim tilgangi að fjölga þeim sem greiða kynningargjald og efla slagkraft markaðsstarfsins leggur stjórn samtakanna til að gjaldið verði **90.000 kr. árið 2016**. Og að innifalið í kynningargjaldi sé eftirfarandi:*

- ítarskráning á vef, s.s. skráning í fleiri flokka og í söguhringi
- staðsetning og upplýsingar í prentuðu kynningarefni
- afsláttur á auglýsingum
  - hjá samstarfsaðilum SSF, s.s. Safnabókin
  - í auglýsingaherferðum SSF
- fáni samtakanna (1 stk.)
- aðgengi að ljósmyndagrunni SSF
- aðstoð starfsmanns SSF við sýnileika á vef, s.s. [TripAdvisor](http://TripAdvisor) og [Google Maps](http://Google Maps)

Tillagan var samþykkt samhljóða að loknum stuttum umræðum.

## 7. Kosning stjórnar og varamanns

Samkvæmt lögum samtakanna skal kjósa formann í sér kosningu. Rögnvaldur Guðmundsson sem hefur verið formaður frá upphafi var endurkjörin með öllum atkvæðum og lófataki.

Engin framboð komu til stjórnar og gáfu stjórnarmenn kost á sér til áframhaldandi setu. Þeir voru því endurkjörnir: Skúli Björn Gunnarsson, Dagný Marín Sigmarsdóttir, Ásborg Arnþórsdóttir og Þórir Örn Guðmundsson.

Varamenn í stjórn voru einnig endurkjörnir: Sigrún Þómar og Guðbrandur Benediktsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosin þau: Gísli Sverrir Árnason og Elísabet Gunnlaugsdóttir. Vara skoðunarmenn voru kosin þau: Óskar Styrmir Hauksson og Ólafía Jakobsdóttir.

## 8. Önnur mál

Kjartan Ragnarsson frá Landnámssetrinu ræddi um víkingaskipið, Drekkann Harald hárfagra, frá Noregi sem er á leiðinni til landsins. Hvatti hann félagi til að gera meira úr heimsókninni og fjölmenna og taka á móti skipinu þegar það leggst að bryggju í Reykjavíkurböfn núna á næstu dögum. Kjartan lagði líka til að gert yrði borðkort yfir sögustaði á landinu og rætt var um app fyrir sögustaði.

Katarzyna Dygul, starfsmaður samtakanna kynnti sig og sagði frá starfi sínu hjá samtökunum.

Nokkrar umræður urðu um starfið og málefnið framundan.

*Fleira ekki tekið fyrir. Fundarstjóri sleit fundi kl. 12:05 og fékk samþykki fundarins fyrir að hann gengi frá fundargerð með fundarritara.*

Dagný Marín Sigmarsdóttir  
fundarritari

Þórir Örn Guðmundsson  
fundarstjóri